

46

29. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað „sex“ komi: tólf.

b. Í stað „kr. 15000000.00 — fimmtán“ komi: kr. 38000000.00 — þrjátíu og átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

47

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Á eftir fyrri málsg. 2. gr. laganna komi ein málsg., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.